

Brim hf.
Norðurgarði 1
101 Reykjavík

Reykjavík, 30. september 2022
UST202202-002/D.A.M.
08.12.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 1. september 2022 þar sem óskað var eftir úrbótaáætlun vegna frávika sem skráð voru í eftirliti dags. 10. ágúst 2022. Þann 29. september 2022 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikin eru eftirfarandi:

1. Gr. 20 í reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Rekstraraðili skal láta þykktarmæla botn og neðsta umfar olíubirgðageyma eigi sjaldnar en á tíu ára fresti, sbr. 5. tölul. 1. mgr. 20. gr. reglugerðarinnar. Ekki höfðu borist upplýsingar um botnþykktarmælingar á tveimur minni lýsisgeymum rekstraraðila. **Rekstraraðili tæmdi geymana hinn 28. september 2022 og hyggst þrifa, endurnýja loka og þykktarmæla þá að því loknu. Rekstraraðili áætla að framkvæmdum þessum verði lokið 15. nóvember 2022.**
2. Gr. 3.2. í starfsleyfi. Fitu, svifefni og COD í frárennsli verksmiðjunnar skal mæla árlega og skila niðurstöðum til Umhverfisstofnunar fyrir 1. maí ár hvert. Mælt skal í frárennsli frá fitugildru og öðrum hreinsibúnaði og skal mælingin ná yfir einn sólahring. Ekki var ljóst, skv. skýrslu frá rekstraraðila, hvort farið var eftir ákvæðum starfsleyfis varðandi verklag við sýnatöku ársins 2021. **Rekstraraðili benti á að um innsláttarvillu hefði verið að ræða varðandi tímalengd mælinga og verði hún leiðrétt eigi seinna en 30. september 2022.**

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllt

Freyr Ævarsson
sérfræðingur

Daníel Arnar Magnússon
lögfræðingur